



27.tölublað

18.mars 2011

Fréttamolar FÍSP

Félag íslenskra
sjúkrajálfara

Fréttabréf

Efnisyfirlit:

Dagur sjúkrajálfunar-
myndir

Greiningar- og
ráðgjafarstöðin

Málþing um
innleiðingu hreyfingar
sem meðferðarform

Breytingar á skrifstofu
FÍSP

Fréttabréfið hefur nú flust á milli vinnustaða í nokkurn tíma með góðum árangri og skemmtilegt hefur verið að fá að skyggjast inn í líf og störf sjúkrajálfara og annarra starfsmanna. Flestir hafa nýtt sér fréttabréfið til að kynna þá fjölbreyttu starfsemi, sérhæfingu og úrval hóþjálfunar sem er í boði á hverjum stað. Að þessu sinni eru það sjúkrajálfarar á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem hafa

umsjón með fréttabréfi FÍSP. Þær skora á **sjúkrajálfara á Landakoti** til að hafa umsjón með næsta fréttabréfi ársins 2011.



Framundan:

- Nordic collaboration meeting á Íslandi 5.-6.maí
- Málþing um hreyfiseðilinn 13.maí

Dagur sjúkrajálfunar 2011

Dagur sjúkrajálfunar var haldinn hátíðlegur 25. febrúar síðastliðinn. Rúmlega 300 sjúkrajálfarar áttu góðan dag þar sem blandað var saman fróðleik og skemmtan. Það er greinilegt að dagurinn er búinn að festa sig í sessi hjá stéttinni. Dagskráin var mjög þétt frá morgni til kvölds og því nauðsynlegt að gestir væru fráir á fæti og í hugsun til þess að ná að fylgjast með öllu því sem fram fór. Nefndin sem skipulagði daginn á hrós skilið fyrir frábæran dag.





Greiningar- og ráðgjafarstöð starfar samkvæmt lögum nr. 83/2003 en tilgangur þeirra er að tryggja að „börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar“. Greiningarstöð þjónar börnum og unglíngum með alvarlegar þroskaraskanir, yngri en 18 ára, hvar sem þau búa á landinu. Hlutverk

Greiningarstöðvar er að meta vanda barna með alvarlegar þroskaraskanir og veita ráðgjöf og fræðslu um meðferð og aðra íhlutun svo draga megi úr áhrifum fötlunar á lífsgæði barns og fjölskyldu þess.

Þegar grunur er um alvarleg frávík í þroska, er barni vísað á Greiningarstöð. Helstu tilvísendur eru þroska- og hegðunarstöð, barnalæknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar leik- og grunnskóla. Við tilvísun þarf að liggja fyrir heilsufars- og þroskasaga barnsins og frumgreining þ.e. niðurstöður fyrstu athugana á þroskastöðu barns. Helstu ástæður tilvísana eru þroskahömlun, einhverfa og skyldar raskanir og hreyfihamlanir.

Greiningarstöðin sinnir einnig öðrum verkefnum á sviði fatlana, svo sem rannsóknum, skráningu og fræðslu og viðhald þekkingar á sviði fatlana barna. Greiningarstöðin er í tengslum við kennslu- og rannsóknarstofnanir, innan lands og utan.

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins starfa sérfræðingar úr flestum fagstéttum sem koma að þroskaröskunum barna, s.s. læknar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, sjúkraþjálfarar, iðju- og þroskaþjálfar auk sérkennara og metur hver þeirra með viðurkenndum aðferðum þá þætti sem hann hefur sérþekkingu á. Saman mynda þessar fagstéttir teymi um mál hvers barns og er það breytilegt hvernig það er samsett hverju sinni. Athuganir á börnunum fara fram í heimsóknum á Greiningarstöð, í umhverfi barnsins eða hvoru tveggja. Fer það m.a. eftir aldri barnsins og aðstæðum eða tegund þroskaröskunar. Samstarf við fjölskyldu og fagfólk utan stofnunar er alltaf hluti af greiningunni.

Starfsemi Greiningarstöðvarinnar er skipt upp í þrjú fagsvið; fagsvið einhverfu, fagsvið hreyfi- og skynhamlana og fagsvið þroskahamlana. Á Greiningarstöð starfa þrír sjúkraþjálfarar í rétt um 2,5 stöðugildum, Hanna B. Marteinsdóttir, Marrit Meintema og Unnur Árnadóttir. Marrit og Unnur starfa á fagsviði hreyfi- og skynhamlana og Hanna á fagsviði þroskahamlana. Allar höfum við starfað á Greiningarstöð í yfir 10 ár og tekið þátt í ýmsum breytingum í starfssemi stofnunarinnar. Í gegnum árin höfum við tekið námskeið og nám af ýmsu tagi sem lýtur að sjúkraþjálfun barna. Marrit hefur lokið átta vikna námskeiði í Neurodevelopmental Treatment (NDT / Bobath aðferðin) um þjálfun CP barna, Unnur hefur lokið MS-námi í heilbrigðisvísindum frá HA og Hanna MA- námi í uppeldis- og menntunarfræðum. Hanna og Marrit hafa einnig réttindi til að stunda sjúkraþjálfun á hestbaki.

Starf sjúkraþjálfara á Greiningarstöð er fjölbreytt. Sjúkraþjálfarar taka þátt í greiningarferlinu, þ.e. meta skyn- og hreyfiþroska og veita ráðgjöf til foreldra, barnanna og umönnunaraðila um skyn- og hreyfiörvun í daglegu lífi. Í greiningarvinnunni eru notuð stöðluð hreyfipróf og matstæki, s.s. AIMS, PDMS-2, GMFM, GMFCS og PEDI auk klínísks mats. Einnig aðstoða sjúkraþjálfarar barn og fjölskyldu þess við að afla hjálpartækja sem henta barninu hverju sinni og veita ráðgjöf um aðlögun í umhverfi barnsins til að það geti bætt færni sína. Meirihluti barnanna sem koma til athugunar sjúkraþjálfara á Greiningarstöð njóta þjónustu sjúkraþjálfara í heimabyggð. Sjúkraþjálfarar Greiningarstöðvar vinna því í samvinnu við aðra sjúkraþjálfara um allt land svo og iðjuþjálfara og aðra fagaðila í heimabyggð barnsins (s.s. í leik- og grunnskólum, þjónustumiðstöðvum og ráðgjafa sveitarfélaganna). Einnig er mikið samstarf við stoðtækjafraeðinga og starfsfólk Hjálpartækjamiðstöðvar SÍ. Auk þess er börnum með alvarleg frávík í hreyfiþroska fylgt eftir í lengri tíma. Í einstaka tilfellum sinna sjúkraþjálfarar Greiningarstöðvar meðferð barna með sérhæfð vandamál.

Þegar barn nýtur í heimabyggð reglubundinnar þjónustu sjúkraþjálfara með mikla reynslu og þekkingu á þjálfun barna, tekur viðkomandi sjúkraþjálfari oft fullan þátt í greiningarferli á Greiningarstöð, s.s. með prófunum og klínískum mati. Slíkt samstarf hefur m.a. verið við sjúkraþjálfara á Æfingastöð SLF, Endurhæfingarstöðinni Bjargi, barnadeild LSH og í Sjúkraþjálfaranum ehf.

Auk greiningarvinnu sinna sjúkraþjálfarar Greiningarstöðvar einnig fræðslu um sjaldgæfar fatlanir en stofnunin heldur fjölmörg námskeið um hinar ýmsu fatlanir á hverju ári.



Afróttími



Sjúkraþjálfarar Greiningarstöð var eru alltaf til í glens og gaman!

Unnur ásamt fleira lopapeysuliði í vorferð



Marrit með tónleika í vorferð



Hanna að læra stafgöngu



Jóga-Unnur 😊




Unnur, Hanna og Marrit

Rósin:

Framkvæmdanefnd
Dags sjúkraþjálfunar
2011!!

Félag íslenskra sjúkraþjálfara
Engjavegi 6
www.physio.is

Sími: 568-7661
Fax: 514-4001
E-mail: physio@physio.is

**Félagsmenn ATH!**

Formaður er með símatíma kl. 9-12 á þriðjudögum. Eins eru símanúmer stjórnarmanna á heimasíðunni ef erindið er brýnt. Allur póstur sem sendur er á physio@physio.is berst formanni en ef erindið varðar gjaldkerann er bent á netfangið gjaldkeri@physio.is.

Hreyfing sem meðferðarform

Málþing á Reykjalundi 13. Maí 2011 kl.13-16

Nú blása frískir vindar og nýjar upplýsingar hafa komið fram varðandi notkun hreyfingar til meðferðar við hinum ýmsu sjúkdómum.

Félag Íslenskra Endurhæfingarlækna (FÍE), Félag Íslenskra Heimilislækna (FÍH) Félag Íslenskra Sjúkraþjálfara (FÍSP) og Lýðheilsustöð standa því fyrir málþingi á Reykjalundi föstudaginn 13. maí 2011.

Aðalfyrirlesari málþingsins verður **Dr. Ingibjörg Jónsdóttir** "Associate Professor" við "Institute of Stress Medicine" í **Gautaborg**.

Ingibjörg hefur stundað rannsóknir á streitu og tengslum streitu við hreyfingu, kyn, hormóna og fleira. Hún er einn helsti hvatamaður að og frumkvöðull í því að koma á hreyfiseðlum og hreyfimeðferð við ýmsum sjúkdómum í vestursænsku heilbrigðiskerfi.

Slíkri meðferð hefur skipulega verið komið inn í meðferð á ýmsum sjúkdómum í Vestra Götaland í Svíþjóð. Ingibjörg er vinsæll alþjóðlegur fyrirlesari um þessi mál.

Dagskráin verður sem hér segir:

13.00 - 13.50: Dr. Ingibjörg Jónsdóttir
Mikilvægi hreyfingar í meðferð lífsstílsjúkdóma.

13.50 – 14.10 Jón Steinar Jónsson heimilislæknir: Reynsla af Hreyfiseðlum í íslenskri heilsugæslu

14.10 – 14.30 Kaffi

14.30 – 15.20: Dr. Ingibjörg Jónsdóttir
Gildi hreyfiseðla

15.20 - 15.50: Pallborðsumræður

Pallborð: Dr. Ingibjörg Jónsdóttir, Jón Steinar Jónsson heimilislæknir, Héðinn Jónsson

sjúkraþjálfari og formaður FÍSP, Gígja Gunnarsdóttir verkefnisstjóri hreyfingar Lýðheilsustöð

15.50 – 16.00: Samantekt /Næstu skref?

Fundarstjóri er Ingólfur Kristjánsson endurhæfingar- og heimilislæknir

Fundurinn er ókeypis en þeir sem vilja taka þátt vinsamlega tilkynnið þátttöku til Örnú Elísabetar Karlsdóttur Sjúkraþjálfara með netpósti; póstfang: arnaek@reykjalundur.is

Félag íslenskra heimilislækna

Félag íslenskra endurhæfingarlækna

Félag íslenskra sjúkraþjálfara

Lýðheilsustöð

Námskeiðið er styrkt af Fræðslustofnun Læknafélags Íslands